

Alþingi  
Erindi nr. P/130/2248  
komudagur 29.4.2004

Félagsheimilið Þjósárver

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Umsögn  
um frumvarp til laga um Tónlistarsjóð ( 910. mál)**

---

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 20.04.2004, var Félagsheimilinu Þjósárveri gefinn kostur á umsögn um ofangreint frumvarp. fer hún hér á eftir:

Í heild er lagasetning þessi tvímælalaust til einföldunar og bóta. Við viljum þó vekja athygli á því að engin tilraun er gerð í frumvarpinu til að tryggja dreifbýlinu sömu menningargæði og höfuðborginni. Ljóst er að menningarstarfsemi á erfiðara uppdráttar í dreifbýli vegna minni markaðar, og hefur þessa orðið vart í æ ríkara mæli á síðari árum. Uggir okkur að ásókn í styrki, t.d. til tónleikahalds, verði meiri af höfuðborgarsvæðinu, sem þó býr við betri fjármögnunarmöguleika, og einnig er pólitískur þrýstingur meiri þar vegna þingmannafjölda. Listflutningur í dreifbýli er dýr og erfiður og markaður er þar lítill. Er því hætt við að hlutur þess verði fyrir borð borinn ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir við lagasetningu sem þessa. Ekki er við það unandi að menningarlíf færist á einn stað á landinu.

Þjósárver hefur á síðari árum haslað sér völl sem menningarhús, og hefur að eigin fumkvæði staðið fyrir stórum menningarviðburðum, s.s. "Tónahátíð í Þjósárveri" sem var á síðasta hausti 3ja daga tónlistarviðburður, og nú um síðustu helgi lauk einstæðri sýningu; "Hugvit og hagleikur", 4ra daga margþættum viðburði sem yfir 1500 manns sóttu. Þjósárver hefur mótað sér þá stefnu að hér verði tveir stórir menningarviðburðir árlega, auk þess mikla menningarlífs sem hér blómstrar innanhrepps. Lagasetning og stefnumörkun sem þessi skiptir því gríðarlega miklu máli fyrir staðinn og byggðarlagið. Vonumst við því til að stöðum eins og Þjósárveri verði áfram tryggð skilyrði til kraftmikillar menningarstarfsemi.

Virðingarfyllst

Villingaholtshreppi 27.04.2004

F.h. Félagsheimilisins Þjósárvers

---

Valdimar Össurason  
umsjónarmaður Þjósárvers  
og ferðamálafulltrúi Austur-Flóa